

AUGLÝSING

um breytingu á viðauka við byggingarsamþykkt Skorradalshrepps nr. 238/1971.

1. gr.

1. mgr. 10. liðar 6. gr. orðist svo:

Jafnframt því, að hreppsnefnd veitir leyfi til skiptingar lands í sumarbústaða-lönd greiðir landkaupandi eða leigjandi:

Við afhendingu byggingarleyfis í hreppssjóð sérstakt gjald eftir reglum, er hreppsnefnd setur. Gjald þetta skal vera fyrir 25 m² hús kr. 10 000.00 og síðan kr. 1 000.00 til viðbótar á hvern fermeter umfram 25 m². Hámarksgjald skal þó vera kr. 35 000.00 og er þá miðað við hámarksstærð, skv. 2. tl. 6. gr.

Breyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Skorradalshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905 sbr. lög nr. 84/1943 til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 306.

20. júní 1975.

REGLUGERÐ

um holræsi fyrir Selfosshrepp.

1. gr.

Þegar Selfosshreppur hefur látið leggja holræsi í veg eða götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, svo sem unnt er, leiða í ræsið. Vanræki einhver að gera holræsi eða endurnýja eldra innan hæfilegs tíma, sem sveitarstjóri ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Selfosshreppur lætur leggja holræsaútúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1975. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu 2 m inn fyrir lóðamörk húsa. Heimlagfir eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsaútúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Húseigandi, sem óskar að tengja hús sitt við holræsaakerfi hreppsins eða að gera breytingar eða viðbætur við ræsi, sem áður hefur verið tengt við það, skal með nægum fyrirvara fá til þess leyfi hjá hreppsnefndinni eða þeim umsjónarmanni, sem málið fellur undir. Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð, sem hreppurinn lætur í té, og skulu þær undirritaðar af eiganda hússins, eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast. Með umsókninni